
Landfylling og efnistaka við Brjótinn á Suðureyri

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 21. maí 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Verkís, f.h. Fisherman ehf., um fyrirhugaða gerð landfyllingar og efnistöku við Brjótinn á Suðureyri, Ísafjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 2.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Landfylling við Brjótinn á Suðureyri. Fyrirspurn um matsskyldu. Verkís, verkfræðistofa, maí 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Ísafjarðarbæ þann 23. júní 2021
- Hafrannsóknastofnun þann 4. júní 2021
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða þann 29. júní 2021
- Náttúrufræðistofnun Íslands 14. júní 2021

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 13. júlí 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í framlögum gögnum framkvæmdaraðila að framkvæmdasvæðið sé við sunnan- og utanverðan Súgandafjörð, um hálfan km norðvestur af þéttbýlinu á Suðureyri. Heildarstærð fyrirhugaðrar landfyllingar verður um 30.000 m² og efnispörf er áætluð um 100.000 m³, þar af um 7000 m³ af grjóti og kemur efnið að stærstum hluta úr skeringum eða lausum jarðlögum sunnan landfyllingar. Stærð þess svæðis sem raskast við efnistöku er um 10.000 m². Gert er ráð fyrir að landfyllingin komi til framkvæmda í áföngum og er reiknað með að framkvæmdin geti tekið a.m.k. 4-5 ár en að 1. áfanga verði lokið á næstu tveimur árum.

Fram kemur að við gerð landfyllingarinnar verði fyllingarefni losað og komið fyrir á fyllingarsvæði og það síðan látið setjast til í ákveðinn tíma áður en framkvæmdir við uppbyggingu á sjálfri fyllingunni geti hafist. Reiknað er með að pressa þurfi vökva úr setlögum undir fyllingu. Stefnt er að því að í fyrsta áfanga verði um 22.000 m³ af efni komið fyrir í fyllingunni og varnargarður afmarkaður yst á henni, en ekki er reiknað með að rekið verði niður stálþil. Eftir því sem fyllingarvinnunni miðar áfram verður varnargarðurinn styrktur, en ekki verður lokið við gerð garðsins fyrr en mesta sigið í fyllingunni hefur átt sér stað. Framkvæmdir við áfanga 2 og 3 verða með sambærilegum hætti. Núverandi vegur frá þéttbýlinu á Suðureyri verður færður út á landfyllinguna á um 3-400 m kafla um allt að 50 m og er gert ráð fyrir að nýi vegurinn verði um 7 m breiður. Fram kemur að tilgangur fyrirhugaðra framkvæmda sé að stuðla að auknu framboði á



byggingarlandi fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi á Suðureyri. Einnig er markmiðið að skapa aðstöðu fyrir starfsemi Fisherman ehf. og stuðla að vexti fyrirtækisins á Suðureyri.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum og umsögnum umsagnaraðila.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fjörur á framkvæmdasvæðinu séu þegar raskaðar og einnig land ofan vegar. Ekki er talið að á svæðinu séu jarðminjar sem njóta verndar. Þá verða áhrif landfyllingar óveruleg á straumhraða og straumstefnur en gerð fyllingarinnar og grjótvagnar er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á sjávarbotn og strönd á afmörkuðu svæði. Þá kann gruggmyndun á framkvæmdatíma að hafa neikvæð áhrif á lífríki auk þess sem bein skerðing verður á búsvæðum til langs tíma lítið. Framkvæmdin mun þannig raska lífríki á strandsvæðinu sem og vistgerðum en með tilliti til fágætis og útbreiðslu þeirra á landsvísu eru áhrifin metin lítil. Landfyllingin breytir ásýnd lands að ákveðnu marki en þau áhrif eru háð þeirri starfsemi og uppbyggingu sem verður á landfyllingunni til framtíðar. Hávaði verður í næsta nágrenni vinnuvéla á framkvæmdatíma en þau áhrif eru mjög staðbundin og ætti ekki að hafa áhrif á íbúa Suðureyrar en ekki er gert ráð fyrir sprengingum á verk tíma. Á framkvæmdatímanum verður gripið til mótvægisáðgerða til að lágmarka truflun af framkvæmdum og hættu fyrir vegfarendur sem leið eiga um svæðið. Settar verða reglur um hvenær unnið er að flutningi efnis og um merkingar á verkstað. Á verk tíma þarf einnig að haga framkvæmdum með þeim hætti að lágmarka þann tíma sem verulegt grugg verði í sjónum umhverfis framkvæmdasvæðið.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að framkvæmdin muni valda raski á fjöruvistgerðum og búsvæðum botndýra og fugla en um afmarkað, frekar lítið og að hluta þegar raskað fjörusvæði er að ræða og þar er ekki að finna fágætar eða sérstaklega verðmætar náttúruminjar. Mikilvægt er að halda gruggmyndun í lágmarki og gæta þarf sérstaklega að því að valda sem minnstri truflun á varptíma fugla sem nýta sér grunnsævið til fæðuöflunar, einkum æðarfugls sem dvelur með unga sína með ströndum fram á sumrin. Tryggja þarf að mengunarvarnir séu viðhafðar við fyrirhugaðar framkvæmdir.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 en gera þarf deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða gerð landfyllingar og efnistöku vegna hennar úr skeringum á um 10.000 m² svæði í nágrenninu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem landnotkun sem fyrir er eða



er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun, verndarsvæðum, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Þá ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til haf- og strandsvæða. Ennfremur þarf að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða umfangslitlar framkvæmdir á svæði sem er í nágrenni þéttbýlisins á Suðureyri. Fyrir liggur að rask verður við efnistöku á afmörkuðu svæði sem er gróið en er jafnframt raskað að hluta og við gerð landfyllingar verður rask í fjöru og á grunnsævi sem mun gafa í för með sér neikvæð áhrif á fjöruvistgerðir og búsvæði botndýra og fugla. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur í umsögn sinni bent á að á framkvæmdasvæðinu er ekki að finna fágætar eða sérstaklega verðmætar náttúruminjar. Ljóst er að við framkvæmdir við landfyllingu mun verða gruggmyndun og leggur Skipulagsstofnun áherslu að henni verði haldið í lágmarki og tekur undir umsögn Náttúrufræðistofnunar að valda sem minnstri truflun á varptíma fugla. Fyrir liggur að áhrif á framkvæmdatíma vegna ónæðis fyrir íbúa og vegfarendur verða staðbundin og ætti þeirra ekki að gæta í þéttbýlinu. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verða varanleg en eru bundin við afmarkað svæði og ekki líkleg til að hafa áhrif á marga.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 23. ágúst 2021.

Reykjavík, 14. júlí 2021

Jakob Gunnarsson